

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktar- og verðlaunasjóðs Bent Scheving Thorsteinsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir *Styrktar- og verðlaunasjóður Bent Scheving Thorsteinsson* og er stofnaður af honum þann 4. júlí 2007. Sjóðurinn starfar í samræmi við reglur Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH), sbr. skipulagsskrá Landspítalásjóðs Íslands, og er varðveittur á skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga á LSH. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið og hlutverk sjóðsins er að veita styrki og verðlaun fyrir vísindaleg afrek, rannsóknir og ritgerðir og skylda starfsemi á sviði hjarta- og lungnalækninga.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem er framlag Bent Scheving Thorsteinsson, kr. 30.000.000, er afhent forstjóra LSH á stofndegi 4. júlí 2007. Tekjur sjóðsins eru framlög utanaðkomandi aðila, hvers konar styrktarfé, gjafir, vaxtatekjur og önnur framlög í sjóðinn sem veitt er viðtöku eða aflað. Skal sjóðurinn ávaxtaður á bankareikningi á hagkvæmasta hátt á hverjum tíma.

4. gr.

Framkvæmdastjórn LSH skipar stjórn sjóðsins og skulu forstjóri LSH og tveir sérfræðingar á sviði hjartalækninga og hjarta- og lungnaskurðlækninga sitja í stjórninni. Stjórnin er skipuð til 3 ára í senn. Í fyrstu stjórn sjóðsins sitja Magnús Pétursson, Uggi Agnarsson og Þórarinn Arnórsson. Forstjóri spítalans er ábyrgðarmaður sjóðsins og áritar reikninga hans en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnarfundur skal haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Stjórn skal taka ákvarðanir um ráðstafanir eigna sjóðsins og úthlutun styrkja í samræmi við hlutverk hans og í samráði við viðkomandi deildir. Stjórn skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans skv. 2. gr. Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins. Ekki má úthluta hærri upphæð en $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum sjóðsins hverju sinni. Óúthlutaðir ársvextir leggjast við stofnfé.

Það er ósk stofnanda að styrkjum og verðlaunum verði úthlutað við hátiðlega athöfn, ákvörðunin tilkynnt fjölmiðlum og greint frá henni í opinberum gögnum og miðlum Landspítala – háskólasjúkrahúss.

6. gr.

Fjárnörslu sjóðsins annast skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga hjá LSH og skal reikningsár sjóðsins miðast við almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af endurskoðendum LSH í samræmi við ársreikninga spítalans.

7. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður og skal stjórn sjóðsins taka ákvarðanir um ráðstöfun hans í samráði við stjórn Landspítalásjóðs Íslands og skulu eignir hans renna til málefna sem tengd eru markmiðum sjóðsins.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til ef breyta á skipulagsskrá sjóðsins og öðlast þær gildi þegar þær hafa verið staðfestar af stjórn Landspítalásjóðs Íslands.

Leita skal staðfestingar embættis sýslumannsins á Sauðárkróki ef breyta á samþykktum sjóðsins eða ef leggja á hann niður.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá embætti sýslumannsins á Sauðárkróki í samræmi við lög um sjóði, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 25. september 2007.

Ríkarður Másson.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2007